

Kæru útskriftarefni, formaður skólanefndar, starfsmenn VA, aðstandendur, og aðrir góðir gestir. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á útskrift þessa glæsilega hóps sem situr hér hjá mér á sviðinu.

Eftir langa vetur með grímuskyldu, sprittbrúsum og fjarkennslu kom vorið loks og við sjáum nú fram á bjartari tíma í skólastarfinu. Þeir nemendur sem útskrifast hér í dag upplifðu framhaldsskólagöngu sem á sér ekki fordæmi, stórum hluta skólagöngunnar hafa fylgt einhverskonar höft tengd heimsfaraldri. Þó hefur nýliðinn vetur verið með skásta móti og við í VA notið þess að vera frekar lítill skóli sem hefur passað ágætlega inn í ríkjandi höft hverju sinni. Meðal annars hafa verið meiri möguleikar til félagslífs. Þó má segja að á önninni sem nú er nýliðin hafi veiran loksins hitt okkur almennilega fyrir og hafa bæði nemendur og starfsfólk verið nokkuð fjarverandi vegna veikinda. En kæru útskriftarefni, þið getið huggað ykkur við það að þið eruð uppi á sögulegum tímum og getið stolt sagt barnabörnum ykkur frá undarlegri framhaldsskólagöngu í skugga heimsfaraldurs.

Í dag er gleðidagur því að nemendahópurinn sem hér situr hefur náð markmiðum sínum og lokið því námi sem þau stefndu að fyrir 3 – 4 árum, eða jafnvel lengra, og því ber að fagna. Leiðin að þessu marki hefur ekki endilega verið bein og greið. Einhverjir hafa eflaust lent í

allskonar hindrunum og erfiðleikum á leiðinni, en með seiglu og þrautseigju eruð þið samt komin hingað í dag. Þessu ferðalagi er lokið og við taka ný og spennandi verkefni á hinum ýmsu sviðum.

Hér í dag útskrifum við nemendur af 10 námsbrautum. Með því mikla framboði sem er í boði í VA, bæði svokölluðu bóknámi og einnig iðn- og starfsnámi er óhætt að segja að flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það er ekki sjálfgefið að ekki fjölmennari skóli en VA geti boðið upp á slíka fjölbreytni. Um fjölbreytnina verðum við að standa vörð, öll sem eitt!

Í framhaldsskóla nútímans er námið flokkað niður á hæfnisþrep eftir erfiðleikastigi. Og þessir útskriftarnemendur sem hér sitja hafa flestir lokið námi á þriðja hæfnisþrepi skv. lögum um framhaldsskóla. Á síðasta ári var gerð sú breyting á lögum um háskóla að nemendur sem hafa útskrift á 3. Hæfnisþrepi, hvort heldur sem er af stúdents- eða verknámsbraut, teljast jafngildir við inntöku í háskóla, að því gefnu að samsetning námsins passi við inntökukröfur einstakra námsleiða í háskólum. Þessi breyting er gífurlega mikilvægt skref í þá átt að viðurkenna að verknám sé ekkert síðra en annað nám.

Þegar heimsfaraldurinn, sem hér áðan var nefndur, slepti af okkur takinu tók við stríð í austurvegi. Alræðisríkið Rússland réðst á nágranna sína í Úkraínu. Stríðið sem nú geisar sannar enn og aftur mikilvægi menntunar. Almennur sem ekki er uppfræddur um málefni samfélagsins getur ekki tekið afstöðu til þeirra og þá virkar lýðræðið ekki. Lýðræðið hefur átt undir högg að sækja í gegnum tíðina. Ekki þarf annað en skoða stjórnmalasviðið í Evrópu og Bandaríkjunum þar sem umdeildir einstaklingar hafa komist á valdastóla í lýðræðislegum kosningum. Ástæður þess geta verið margþættar en eitt er ljóst að skólakerfið gegnir lykilhlutverki í því að ala upp gagnrýna borgara, sem kynna sér málefni þess stjórnkerfis sem þeir búa við svo þeir geti tekið afstöðu hvort sem er í kosningum eða formlegri þátttöku í stjórnmalum. Lýðræði nútímans var komið á með blóðugum byltingum og enginn má taka því sem gefnum hlut. Fáfræði almennings er óplægður akur hins illa stjórnmalaleiðtoga.

Ég vill leyfa mér að fullyrða það að frá VA snúa nemendur vel undirbúnir undir þátttöku í lýðræðinu. Hefur það sýnt sig m.a. að í þeim breytingum sem hafa verið gerðar á skólastarfi hér í VA á síðustu árum hafa nemendur fengið að koma sínum sjónarmiðum á framfæri með ýmsum hætti. Hefur þessi rödd nemendanna verið stjórnendum gott nesti og gert það að verkum að breytingarnar hafa verið gerðar í góðri sátt. Það má með sannni segja að Einnig höfum

við í tengslum við kosningar, bæði til alþingis og sveitastjórna staðið fyrir fundum þar sem fulltrúum framboða hefur verið boðið að sitja fyrir svörum. Skemmst er frá því að segja að nemendur okkar hafa fjölmennt á þessa fundi og spurt góðra spurninga. Það sagði mér frambjóðandi eftir fund hér um daginn að þetta væri oft erfiðustu fundirnir, því að hér væru spurningarnar oft á tíðum hárbeittar.

Einnig er rétt að nefna að samhliða kærleiksdögum sem haldnir voru núna í mars stóðu nemendur fyrir söfnun, þar sem safnað var peningum til að styðja við neyðarsöfnun Rauða krossins fyrir íbúa í Úkraínu. Söfnuðust 175000 krónur sem hafa eflaust komið í góðar þarfir.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni, en bíð velkomin næst á svið þau Ísabellu Daníu Heimisdóttir og Kára Kresfelder Haraldsson, nemendur í VA, þau munu flytja okkur lagið **Leiðin okkar allra** sem er þekkt í flutningi hljómsveitarinnar Hjálma. Höfundur lags er Þorsteinn Einarsson og textinn er eftir Einar Georg Einarsson.

Gjörið svo vel.

Kæru nemendur við ykkur blasir lífið með öllum sínum tækifærum og valkostum sem þið hafið úr að velja. Það er ekki endilega létt val – en með því námi sem þið ljúkið hér í dag þá hafið þið fjölgað þeim valkostum og þeim tækifærum sem þið hafið.

Tækifærin eru til að grípa þau og lífið til að njóta þess. Starfsfólk skólans munu sjá á eftir góðum nemendum og vinum sem nú hverfa til annara starfa en við eigum allar góðu stundirnar með ykkur.

Munið að VA verður alltaf skólinn ykkar og þið alltaf fyrrverandi nemendur VA. Verið stolt af námi ykkar og árangri við erum allavega stolt af ykkur!

Ég bið ykkur nú að njóta dagsins með fjölskyldum ykkar og vinum – í dag er sannarlega tækifæri til þess að lifa í núinu. Við skulum ganga saman út í sumarið og fagna bjartri framtíð ykkar og okkar allra.

Ég segi 36. starfsári Verkmenntaskóla Austurlands lokið og skólanum slitið.

Takk fyrir að vera með okkur hér í dag.